

Nr. 023 / 16 Hafey SK 10**Ásigling og leki, skipstjóri sofnað**

Skipaskr.nr. 7143
 Smíðaður: Mark 1990, trefjaplast
 Stærð: 9,01 bt 7,18 bl
 Mesta lengd: 9,93 m Skráð lengd: 9,68
 Breidd: 3,10 m Dýpt: 0,98 m
 Vél: Cummins 187 kw, árg. 2014
 Fjöldi skipverja: 1



Hafey©Fiskiréttir

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 16. september 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. apríl 2016 var Hafey SK 10 á siglingu til hafnar á Sauðárkróki. Veður: N 2-3 m/sek.

Þegar báturinn var að nálgast höfnina var honum siglt á hafnargarð og í framhaldi kom leki að honum að framan.

Skipstjórinn tók þá ákvörðun um að sigla bátinum upp í fjöru til að koma í veg fyrir að hann sykki.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn, sem var einn um borð, kvaðst hafa sofnað á landstíminu;
- að fram kom að skipstjórinn hafði sótt sjó marga daga í röð. Taldi hann sig hafa líklegast verið orðinn langþreyttur;
- að sjóferðin hafði staðið yfir í 16 klst;
- að aðvörunarbúnaður í siglingartækjum var ekki notaður;



Rauði hringurinn sýnir garðinn sem báturinn lenti á

- að sjór komst í lúkarinn og þaðan í vélarrúmið. Tvær lensidælur höfðu ekki undan lekanum;
- að fram kom hjá skipstjóranum að ekkert ljós hafi verið á grjótgarðinum sem báturinn sigldi á og erfitt að sjá hann þegar fer að skyggja.

Nefndarálit:

Orsök ásiglingarinnar var að stjórnandi bátsins sofnaði.

Nefndin telur ámælisvert að skipstjóri hafi verið svo lengi á sjó sem raun bar vitni. Í 12. gr. laga nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa segir: *Á skipi sem er styttra en 24 metrar að skráningarlengd skal vera stýrimaður ef útivera skips fer fram úr 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Á skipi þar sem daglegur útivistartími er styttri en 14 klst. er heimilt að vera án stýrimanns, enda hafi skip fengið útgefna heimild þess efnis frá mönnunarnefnd. Samgöngustofa skal halda skrá yfir þau skip sem slíka heimild hafa hlotið. Séu reglur um skilyrtan útivistartíma brotnar skal mönnunarnefnd afturkalla heimildina.*

Tillögur í öryggisátt:

Nefndin leggur til að settur verði viðeigandi ljósviti á varnargarðinn.